

Alþingi  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir - Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Akureyri, 22.05.2022

Tilv.2022-04-07-1474

Efni: Umsögn Fiskistofu mál nr. 451

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 7. apríl 2022, þar sem Fiskistofu var sent frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða ofl. (veiðar á bláuggatúnfiski) mál 451 til umsagnar.

Frumvarpið mælir fyrir um heimild aðila sem falla undir 2. másl. 5. gr. laga nr. 116/2006. um stjórn fiskveiða til að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða samkvæmt veiðiheimildum Íslands á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2027. Með frumvarpinu er lagt til að samhljóða bráðabirgðaákvæði verði bætt við eftirfarandi lög:

*Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lög nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.*

Fiskistofa veltir því upp hvort ekki væri rétt að bæta einnig bráðabirgðaákvæði við lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Hvað varðar þau atriði er snúa að starfsemi Fiskistofu telur stofnunin ekki ljóst af lestri frumvarpsins hvort ætlunin sé að veiðarnar lúti íslenskri stjórnslu og þá með hvaða hætti, t.d. hvort takmarkanir séu á því hverjir og hversu margir geti leigt skip til veiðanna, hvort gerðar séu kröfu til skipanna með tilliti til búnaðar eða skráningu erlendis, hvort skylt verði að landa aflanum í íslenskri höfn, hvort heimilt verði að vinna afla um borð og hvernig skuli fara með skráningu aflans.

Mögulega mætti útfæra hlutverk Fiskistofu í reglugerð (ef stofnuninni er ætlað sérstakt hlutverk) og í því samhengi er bent á að í frumvarpinu er ekki lagt til að sett verði sérstök reglugerðarheimild.

Verði Fiskistofu falið eitthvert hlutverk sem leiðir af frumvarpinu er nauðsynlegt að stofnuninni veitt svigrúm varðandi gildistöku og fjármagn til að aðlagast nýju verkefni.



**FISKISTOFA**  
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

[fiskistofa@fiskistofa.is](mailto:fiskistofa@fiskistofa.is)

[fiskistofa.is](http://fiskistofa.is)

Fiskistofa hefur skilningin á því að mikilvægt sé að Ísland haldi þeim veiðiheimildum sem þeim hefur verið úthlutað í bláuggatúnfiski. Hins vegar bendir stofnunin á að nauðsynlegt er að fara varlega þegar settar eru reglur er varða undantekningar á grundvallarreglum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins og að slíkar undanþágur verða að vera skýrar.

*Erna Jónsdóttir*

F.h. Fiskistofu

Erna Jónsdóttir - FISK





Stjórnarráð Íslands  
Matvælaráðuneytið

mar@mar.is  
545 9700

Skúlagötu 4,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Alþingi  
atvinnuveganefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2022

Tilv.: MAR22020136/04.01.01

Efni: Vegna kynningar á frumvarpi um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða o. fl. (veiðar á bláuggatúnfiski)

Á fundi skrifstofu sjávarútvegs með atvinnuveganefnd Alþingis þann 26. apríl sl. var umræða um frumvarp um veiðar á bláuggatúnfiski, m.a. um umsögn Fiskistofu. Skrifstofa sjávarútvegs vill koma eftirfarandi á framfæri til viðbótar eftir fundinn, ásamt breytingartillögu á frumvarpinu.

Fiskistofa veltir því fyrir sér hvort ekki væri rétt að bæta einnig bráðabirgðaákvæði við lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins miða að því að þrátt fyrir ákvæði gildandi laga sem segja til um að eingöngu komi til greina íslensk skip sem geti fengið leyfi til að stunda veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelginni þá er íslenskum aðilum heimilt að taka á leigu erlent skip í sérhæfðum tilgangi til ákveðins tíma til veiða á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands ná einkum til veiða íslenskra skipa á nytjastofnum utan lögsögu Íslands. Segir í 11. gr. laganna að íslenskum stjórnvöldum sé heimilt að gera ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að. Þessi grein laganna ásamt almennri reglugerðarheimild laganna getur skipt máli hvað varðar eftirlit með veiðum þegar erlend skip fara út fyrir fiskveiðilögsöguna og á úthafið til að veiða, en hefur ekki þýðingu varðandi úthlutun á íslensku Atlantshafs bláuggatúnfisksveiðiheimildunum. Ákvæði laga nr. 151/1996 gilda eftir sem áður um veiðar erlendra skipa utan lögsögu Íslands.

Ráðuneytið telur að þau atriði sem Fiskistofa telur upp varðandi stjórnsýslu, takmarkanir, kröfur, landanir o.fl. eigi að vera útfærð í reglugerð eins og verið hefur. Í gildandi reglugerð um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski nr. 930/2020 er Fiskistofu falin stjórnsýsla með útgáfu leyfa og eftirlit. Ekki er því um nýtt hlutverk að ræða hjá Fiskistofu. Þó er ljóst að gera þarf breytingar á reglugerðinni verði frumvarpið að lögum, m.a. um þessi atriði sem Fiskistofa nefnir.

Ráðuneytið telur rétt í ljósi umsagnar Fiskistofu að rétt sé að gera breytingu á frumvarpinu: Að bæta við tveimur orðum inn í ákvæðin til bráðabirgða í því frumvarpi sem hefur verið mælt fyrir til að það sé skýrt að heimildin nái einnig til vinnslu um borð í skipunum. Þannig myndi bætast við á eftir „hvert almanaksár, til veiða“ orðin „og vinnslu“. Þannig yrði setningin:

„ ... hvert almanaksár, til veiða og vinnslu ... “

Ef af veiðum verður þá er nauðsynlegt að skipin muni geta fryst afla um borð. Þessi breyting yrði gerð á öllum fjórum efnisákvæðum laganna, þ.e. á 1. – 4. gr. frumvarpsins.

Skrifstofa sjávarútvegs

Nefndasvið Alþingis  
bt. atvinnuveganefndar

Reykjavík, 22. apríl 2022

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða o.fl., 451. mál á 152. löggjafarþingi.**

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða o.fl. (veiðar á bláuggatúnfiski), sbr. þingskjal 650 í 451. máli á 152. löggjafarþingi.

Samtökin styðja breytingar sem frumvarpið felur í sér og taka undir þau sjónarmið sem þar birtast. Eins og þar kemur nánar fram hefur þegar farið fram samráð við helstu hagaðila, þ.m.t. við samtökin, og er mikilvægt að breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir nái fram að ganga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að undanþágur sem lagðar eru til muni gilda til sex ára, þ.e. til og með 31. desember 2027. Í almennum athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir að viðbúið sé að aðilar sjái sér hag í að tryggja að sérhæfð skip til veiða á bláuggatúnfiski verði skráð á Íslandi „*eftir sex ára tilraunatímabil sem lagt er til*“. Þá segir réttilega í almennum athugasemdum sem fylgja frumvarpinu að ekki horfi til þess „*að stundaðar verði túnfiskveiðar við Ísland á árinu 2022.*“ Það verður að telja ósennilegt að breyting verði á þeirri staðreynd þrátt fyrir að þær breytingar, sem hér eru til umfjöllunar, verði að lögum á yfirstandandi löggjafarþingi. Að leigja hingað erlend skip til sérhæfðra veiða krefst meiri undirbúnings og tíma þegar nauðsynlegar lagabreytingar eru um garð gengnar.

Í því ljósi, og þar sem hið sex ára tilraunatímabil sem vísað er til í frumvarpinu er í reynd aðeins fimm ár, leggja samtökin til að gildistími þeirra ákvæða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði framlengdur um eitt ár og gildi til 31. desember 2028.

Samtökin lýsa sig reiðubúin að eiga samtalið við nefndarmenn og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

